

Nýútkomin lög.

12. dag júlím. 1878 lög um lausafjártíund¹ birt í deildinni A, bls. 58—63.

s. d. lög um gjafsóknir² birt í deildinni A, bls. 64—65.

Samkvæmt 1. gr. laga 24. ágúst 1877 öðlast lög þessi gildi, þegar 12 vikur eru liðnar frá ídag, eða hinn 28. dag októberm. 1878.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um birtingu laga.* — Samkvæmt lögum frá 24. ágúst f. á. um birtingu laga og tilskipana er frá í dag af tekin **108** þinglýsing sú, er hingað til hefir verið fyrirskipuð á lögum og tilskipunum, en birting 1. ágúst. þeirra í deildinni A stjórnartíðindanna skal eptirleiðis vera skuldbindandi fyrir alla, — og samkvæmt 2. gr. áminnztra laga, skulu þar að auki hreppstjórar lesa upp á kirkjufundum eða hreppaskilapíngum lög þau og tilskipanir, sem getið er í 1. grein, án þess þó, að þetta skuli vera skilyrði fyrir því, að þau sjeu skuldbindandi. Fyrir því skulu sýslumenn eptirleiðis útbýta til hreppstjóra þeirra, er undir þá eru skipaðir, þeim exemplörum af stjórnartíðindum A, er þeim verða send í því skyni, undireins og þeir meðtaka þau, og um leið tjá hreppstjórnum, hvern dag viðkomandi lög eða tilskipanir öðlist gildi og er það að svo miklu leyti eigi er sagt sjerstaklega fyrir um það í sjálfum lögnum eða tilskipununum, 12 vikum eptir þann dag, er það tölublað kom út af stjórnartíðindunum (deildinni B), er það er birt í, að lögin eða tilskipunin sje út komin. Neðst til vinstri handar á fyrstu blaðsíðu hvers tölublaðs stjórnartíðindanna B, er prentaður dagur sá, er blaðið kom út. Birting um nýútkomin lög eða tilskipanir mun verða prentuð efst á sömu blaðsíðu.

Skyldu í einhverju lögsagnarumdæmi einhver af lögum þeim og tilskipunum, er birt hafa verið í deildinni A frá því að manntalsþingin 1877 fóru fram, ekki hafa verið birt á manntalsþingum þessa árs, ber hlutadeigandi sýslumanni sem allra fyrst að senda amtinu áleiðis hingað skýrslu um það.

Um hver árslok skulu sýslumenn senda amtmanni áleiðis hingað vottorð um, að öll þau lög og tilskipanir, er á árinu hafa verið birt í A deild stjórnartíðindanna hafi verið send hreppstjórnum, og ber þeim að hafa eptirlit með, að hreppstjórar gæti áminnztra fyrir mæla í 2. gr. laga 24. ágúst f. á. Sje eitthvað áfátt við exemplör þau af stjórnartíðindum A er sýslumönnum eru send áleiðis til hreppstjóra, ber sýslumönnum tafarlaust að snúa sjer beinlínis til landshöfðingja um það, sem vantar.

Þetta er tjád yður herra amtmaður til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu* **109** *um víxlbrjef fyrir strandmannakostnaði.* — Út af þóknalegu brjefi 29. júní. yðar, herra landshöfðingi, dags. 27. nóvbr. f. á., var utanríkisráðherraum skrifað og hann

1) Sbr. Alþingistíðindi 1877, II. bls. 30—73.

2) Sbr. Alþingistíðindi 1877, II. bls. 170—181.

Hinn 5. ágúst 1878.

109 29. júní. beðinn að leggja liðsinni sitt til þess, að fá verzlunarstjóra Snorra Pálssyni á Siglufirði endurgoldnar 633 kr., er hann lagði út árið 1874 fyrir undirhald 11 norskra skipbrotsmanna af skipinu Tromsøe, og sem formaður skipsins hafði gefið út víxlbrjef fyrir upp á korresponderandi reiðara skipsins í Christjanssand, en hann neitaði að gegna því, og hefir tjeður ráðherra nú sent hingað aptur brjef frá utanríkisráðherra Þýzkalandskeisara til sendiherra Danakonungs í Berlín, sem ber með sjer, að fjelagið «Deutsche Polar-Schiff-fahrts-Gesellschaft», sem átti framangreint skip, hefir orðið gjaldþrota fyrir 2 árum, að tilkvöddum áður skuldheimtumönnum sínum, og að Snorri Pálsson verzlunarstjóri, sem eigi hefir lýst skuldakröfu sinni fyrir hinn tiltekna tíma, getur eigi fengið skuldina goldna, og það því síður, sem fjelagið var «anónýmt», og er nú alveg undir lok liðið.

Þetta er eigi látið undan falla að tjá yður þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðanda, og er brjefinu látið fylgja eptirrit af áminnztu brjefi frá utanríkisstjórn Þjóðverja.

Framangreint víxlbrjef með prótesti og 3 fylgiskjölum öðrum endursendist.

110 29. júní. — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um styrk handa kvennaskóla.* — Að fengnu álitu stiptyfirvaldanna um bónarbrjef það frá forstöðunefnd kvennaskólans í Skagafirði, er mjer barst með þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, dagsettu 31. f. m., um styrk handa tjeðum skóla af fje því, er til er tekið í 15. grein fjárlaganna til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, er yður hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að jeg hefi veitt þetta reikningsár 200 krónur af áminnztu fje handa hinum skagafirska kvennaskóla með því skilyrði, að skólanum verði veittur að minnsta kosti jafnmikill styrkur úr sýslusjóði. — Meðan kvennaskólinn nýtur styrks úr landssjóði, á hann að vera undir yfirumsjón stiptyfirvaldanna, eins og fyrir er mælt um kvennaskólann í Reykjavík í brjefi mínu 25. febr. þ.á. (Stjórnart. B, bls. 11—12).

111 29. júní. — *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um toll af öli og brennivíni er flyzt á flöskum.* — Í þóknanlegum brjefum 13. og 15. þ. m. hafði þjer, herra bæjarfógeti, borið undir mig þá spurningu, hvort taka eigi eptir lögum 11. febr. 1876 jafnmikinn toll af hverri þriggja-pela-flösku af öli, brennivíni og vínanda, er flutt er hingað til landsins, sem af einum potti.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að í 1. gr. áminnztra laga er tollur af öli, brennivíni og vínanda miðaður við pottatal, og eigi gjörður neinn munur á því, að því er þessi drykkjarföng snertir, hvort þau eru flutt til landsins í stærri eða minni ílátum; raunar er það eigi tekið fram með berum orðum um þessi drykkjarföng, að eigi sje gjörður slíkur greinarmunur, svo sem um rauðavín og messuvín; en rjett á eptir aðáminnt ölföng eru upptalin í 1. grein laganna, er því viðbætt, að af öllum öðrum áfengum drykkjum skuli greiða í toll 30 aura af hverjum potti, sjeu þau flutt á ílátum, er taka meira en 1 pott, og jafn mikið af hverjum 3 pelum, sjeu þau flutt í minni ílátum. — Eptir þessu verður að kveða nei við því, er þjer spyrjið um, herra bæjarfógeti.

112 3. júlí. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kaup á handrita- og bókasafni.* — Í tilefni af því, að í 13. gr. C. 7 fjárlaganna, sem út voru gefin fyrir Ísland 19. oktbr. f. á. um árin 1878 og 1879 var leyft, að verja mætti